

163 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 25. ágúst 2021 kl. 09:30 á Teams.

Mætt voru: Lilja B. Ágústsdóttir, Einar Brandsson, Brynja Þorbjörnsdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir, Eyjólfur I. Bjarnason, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson, Björn Hilmarsson og Atli Svansson. Björn og Atli tóku þátt í fundinum á skrifstofu SSV. Bára Daðadóttir boðaði forföll og varamaður hennar hafði ekki tæk á að sitja fundinn. Þá voru Davíð Sigurðsson og Sif Matthíasdóttir forfölluð.

Lilja B. Ágústsdóttir, formaður SSV, setti fund kl. 09:30

1. Fundargerð 162 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 162 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Samgönguáætlun SSV

Lögð fram drög að raforkukafla Samgönguáætlun Vesturlands til kynningar. Stjórn gerði ekki athugasemdir við drögin.

3. Haustþing SSV 2021

Lögð fram drög að dagskrá fyrir Haustþing SSV 2021 sem fer fram í Dalabyggð miðvikudaginn 29 september n.k. Stjórn samþykkti dagskrána og að orkumál verði þema þingsins.

4. Nýsköpunarnet Vesturlands

Lagt fram minnisblað um stöðu undirbúnings að stofnun Nýsköpunarnets Vesturlands.

5. Uppbyggingarsjóður Vesturlands.

Lagt fram minnisblað með tillögu að breytingu á hæfis/vanhæfis þætti úthlutunarreglna uppbyggingarsjóðs hvað varðar nefndarmenn í úthlutunarnefnd og fagråd. Stjórn tók jákvætt í breytingarnar og fól framkvæmdastjóra að gera breytingar á úthlutunareglunum og leggja þær fram á næsta fundi stjórnar. Jafnframt samþykkti stjórn að fela núverandi úthlutunarnefnd og fagráði að sjá um úthlutun sjóðsins í september n.k.

6. Sameiginlegt nýsköpunar- og þróunarsetur Háskólans á Bifröst og LBHÍ

Lögð fram viljayfirlýsing um stofnun sameiginlegs nýsköpunar- og þróunarseturs Háskólans á Bifröst og LBHÍ. SSV er aðili að viljayfirlýsingunni. Stjórn staðfesti yfirlýsinguna.

7. Samningar við Háskólann á Bifröst

Lagður fram samningur við Háskólann á Bifröst um samstarf í rannsóknum að byggða- og sveitarstjórnarmálum. Einnig er lagt fram samkomulag um samstarf sömu aðila við að efla atvinnulíf á Vesturlandi. Stjórn tók jákvætt í samningsdrögin og fól framkvæmdastjóra að vinna áfram að þeim. Jafnframt samþykkti stjórn að leggja 4,5 m.kr. af styrkjum sem SSV hefur fengið að árinu inn í samstarfið. Vífill Karlsson mun verkstýra þessum samstarfsverkefnum.

8. Almenningsamgöngur

Kynning á niðurstöðu vinnu VSÓ ráðgjafar við að búa til tillögu að heilstæðu leiðarkerfi á Vesturlandi fyrir skólaakstur og almenningsamgöngur. Þá er lagt til að SSV verði aðili að umsókn um stuðning úr Byggðaáætlun í verkefnið almenningsamgöngur um allt land. Stjórn samþykkt að sækja um stuðning í verkefnið Almenningsamgöngur um allt land til þessa að ýta þessum verkefnum úr vör og klára frekari undirbúningsvinnu.

9. Vinnuhópur um eflingu atvinnulífs í Stykkishólmi

SSV barst erindi frá bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar í lok júlímánaðar þar sem óskað var eftir því að SSV tilnefndi fulltrúa í vinnuhóp um eflingu atvinnulífs. Þrír aðilar skipa fulltrúa í hópinn; Stykkishólmabær, Byggðastofnun og SSV. Ólafur Sveinsson fagstjóri SSV var skipaður fulltrúi samtakanna í vinnuhópinn. Stjórn staðfesti skipan Ólafs í vinnuhópinn.

10. Endurskoðun á lögum um verndun Breiðafjarðar

Lagt fram minnisblaði um tillögu Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um forsendu greiningu varðandi verndun Breiðafjarðar. Tillaga ráðuneytis kemur í kjölfar tillagna Breiðafjarðarnefndar sem lagðar voru fram snemma á þessu ári. Fram kom í umræðu að framlagt minnisblað er með tillögu að þeim breytingum sem starfsmenn SSV og Vestfjarðarstofu hafa sent inn sameiginlega til ráðuneytisins og er nú til umræðu á milli aðila. Stjórn samþykkti að heimila framkvæmdastjóra um að ganga til samninga við ráðuneytið um aðkomu SSV að þessari vinnu.

11. Greiningarfundur

Lagt fram minnisblað frá Resource ráðgjöf um greiningarfund með SSV. Stjórn telur ekki rétt að svo stöddu að standi fyrir slíkum fundi og felur framkvæmdastjóra að kalla eftir upplýsingum frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um hvert verði framhald á vinnu við endurskoðun á hlutverki landshlutasamtaka.

12. Málefni fatlaðra

Lögð fram samantekt frá KPMG um kostnað við málefni fatlaðra á Vesturlandi frá því að sveitarfélögin tóku verkefnið yfir árið 2011. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að kynna niðurstöður samantektarinnar fyrir þjónusturáði um málefni fatlaðra.

13. Ungmennaráð Vesturlands

Á fundinn mætti Guðbjörg Halldórsdóttir formaður Ungmennaráðs Vesturlands og ræddi ýmis mál sem upp hafa komið í umræðu innan Ungmennaráðs. Hún óskaði eftir stuðningi frá SSV til að vinna að hugmynd um stofnun Hagsmunafélags ungs fólks á Vesturlandi. Stjórn fól framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra menningar- og velferðarmála að funda með Guðbjörgu um mögulega aðkomu SSV að verkefninu

14. Menningarstefna Vesturlands

Á fundinn kemur Sigursteinn Sigurðsson verkefnisstjóri menningar- og velferðarmála og kynnis drög að menningarstefnu Vesturlands. Stjórn samþykkti að haldinn yrði kynningarfundur á Temas fyrir sveitarstjórnarfulltrúa og stefnan yrði tekin til umfjöllunar á Haustþingi SSV.

15. Framlögð mál

- a. Fundargerðir annarra landshlutasamtaka
- b. Fundargerð frá fundi í Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fundi slitið kl. 12:19